


	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun ENSK3KB05 haustönn 2018	
Síða 1 í 3		

Kennari/kennarar: Dröfn Guðmundsdóttir	Netfang/netföng: drofng@fva.is
--	---

Námsgögn:

Cape Fear (The Executioners) by John D. MacDonald.

Skáldsaga / smásaga að eigin vali, sem kvikmynd hefur verið gerð eftir.

Greinar sem tengjast kvikmyndum á einhvern hátt, sem og annað efni frá kennara.

Lýsing:

Kennsla fer fram á ensku að mestu. Horft verður á kvikmyndirnar í tímum en skáldsagan, *Cape Fear*, verður lesin heima að mestu. Fjallað verður um mismunandi frásagnarhátt í bókum og í kvikmyndum. Nemendur velja síðan bók og kvikmynd í samráði við kennara og vinna verkefni upp úr þeim sem þeir svo kynna fyrir samnemendum sínum.

Stiklað verður yfir sögu vestrænna kvikmynda og nemendur horfa á kvikmyndir (eða valda parta úr kvikmyndum) í samhengi við þá sögu, horfa/hlusta á efni af Youtube, lesa greinar og vinna verkefni.

Áhersla er lögð á hlustun og áhorf með það fyrir augum að auka skilning og byggja upp ítarlegri orðaforða. Einnig verður lögð áhersla á að fá nemendur til að horfa á kvikmyndirnar með gagnrýnum augum þannig að þeir geti tjáð sig um efnið í tímum, bæði munnlega og skriflega.


Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Í lok áfangans skulu nemendur hafa öðlast meiri hæfni í að horfa á kvikmyndir og lesa skáldsögur með gagnrýnni hugsun og skilningi. Nemendur skulu hafa öðlast þekkingu og skilning á hvernig vestrænar kvikmyndir hafa þróast síðan saga þeirra hófst.

Nemendur skulu hafa öðlast leikni í að túlka menningarlega þætti í kvikmyndum og þekkingu til þess að geta leitað að bakgrunni og upplýsingum til að auka skilning sinn frekar á þessum þáttum sem og öðrum þáttum kvikmynda.

Nemendur læra einnig að tjá sig um verk á málefnalegan og gagnrýninn hátt, formlega og óformlega, í skrifuðu sem og í töluðu máli.

Síða 2 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun ENSK3KB05 haustönn 2018	

Tími við nám:

Tímasókn 60 klst.

Heimavinna 50 klst

Alls: 110 klst.

Námsmat:

Skriflegt lokaverkefni (bók og mynd að eigin vali)	20%
Munnlegt próf	10%
Próf úr kvikmyndasögu	20%
Kynning á kvikmynda'genre'	10%
Önnur verkefni og virkni í tímum	40%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávik frá skólasóknarreglu er sérstaklega bent á þetta.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Ekki er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlök.

Sjúkrapróf eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU). Nemanda ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er litið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið og þá skráist einkunnin 0.


Þurfi nemendur að fara úr kennslustund þá gera þeir það að fengnu leyfi frá kennara. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig.

Nemendum sem hafa síma með sér í skólastofuna ber að setja þá á þar til ætlaðan stað í stofunni. Símar eru einungis leyfðir til að vinna ákveðin verkefni undir stjórn kennara.

Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólareglum FVA.

Áfanginn er lokaprófslaus. Til að standast hann þurfa nemendur að

- skila a.m.k. 90% verkefna
- vera með a.m.k. 90% í skólasókn
- taka próf úr kvikmyndasögu og munnlegt próf

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun ENSK3KB05 haustönn 2018	

Kennsluáætlunin er aðeins til viðmiðunar og vikuáætlanir og dagsetningar skilaverkefna/prófa verða birtar í Innu.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	20.8-24.8	Kynning á áfanga. Memento Mori	
35	27.8-31.8	Memento. Film History	
36	3.9-7.9	Memento. Director assignment	15%
37	10.9-14.9	Discussions about Director assignment. Film history	
38	17.9-21.9	Film history – articles etc. / What makes a great film great...	5%
39	24.9-28.9	Discussions / European Day of Languages /	
40	1.10-5.10	Cape Fear. Novel and two films.	
41	8.10-12.10	Cape Fear. Novel and two films.	
42	15.10-17.10	Cape Fear. In-class essay - (Mid-term break)	15%
43	22.10-26.10	Cape Fear. In-class essay / Genres	
44	29.10-2.11	Starting work on Presentations	
45	5.11-9.11	Working in class on Presentations (Genres) – Presentations presented.	10%
46	12.11-16.11	Presentations presented.	
47	19.11-23.11	Monday: Film history test. Focus on adaptations	Film history test 20%
48	26.11-30.11	Working on final assignment	Munnlegt próf 10%
49	3.12-7.12	Námsmatsvika – Skil á lokaverkefni	
50	10.12-14.12	Námsmatsvika – Skil á lokaverkefni	20%
		Ástundun og virkni í tímum:	5%
			Alls: 100%

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar